



1. mars 2017
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof og tryggingagjald, 84. mál, 146. löggjafarþing 2016–2017. Þingskjal nr. 141 – 84. mál.


Kvenréttindafélag Íslands fagnar þessu frumvarpi sem kveður á um lengingu fæðingarorlofs í tólf mánuði og styrkingu Fæðingarorlofssjóðs.

Núverandi fæðingarorlofskerfi skapar foreldrum ungra barna ekki það fjárhagslega öryggi sem þarf að vera til staðar þegar fólk tekur á sig jafn stóra skuldbindingu og að eignast barn. Framfærsla er bæði of lág og fæðingarorlof of stutt. Það er því löngu tímabært að styðja við fæðingarorlofskerfið, og hér er stigið gott skref í rétta átt.

Kvenréttindafélag Íslands vill þó koma á framfæri þeirri skoðun sinni að réttindum á vinnumarkaði eigi ekki að deila með öðrum og telur því eðlilegt að hvort foreldri um sig eigi sex mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs.

Kvenréttindafélag Íslands vill einnig koma á framfæri þeirri skoðun sinni að hámarksgreiðslumark Fæðingarorlofssjóðs þurfi að hækka. Reynsla síðustu ára hefur sýnt að með lækkun hámarksgreiðslna hefur dregið úr fæðingarorlofstöku fedra. Jafn réttur foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs er ein grundvallarstoð jafnréttis kynjanna. Það er brýnt jafnréttismál að tryggja að fedur haldi áfram að nýta rétt sinn til fæðingarorlofstöku, sem eykur jafnrétti kynja á vinnumarkaði, stuðlar að auknum lífsgæðum barna og eykur jafnrétti kynja innan heimilisins.

Kvenréttindafélag Íslands vill að lokum koma því á framfæri að nauðsynlegt sé að brúa bilið á milli þess þegar fæðingar- og foreldraorlofi lýkur og þegar daggæsla barna er tryggð. Jafnvel eftir lengingu fæðingar- og foreldraorlofs sem um ræðir í þessu frumvarpi, stendur eftir eitt ár sem foreldrar hafa ekki tryggða daggæslu, og eitt og hálf ár fyrir einstæða foreldra.



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands